

Garðabær
b.t. skipulagsstjóra og skipulagsnefndar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 19. júní 2017


Efni: Athugasemdir við tillögu að nýju aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 frá 27. apríl 2017

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar (GKG) gerir þrjár athugasemdir við tillögu að nýju aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 frá 27. apríl 2017:

1. Í drögum að aðalskipulagi sem kynnt voru seint á árinu 2016 var gert ráð fyrir lagningu nýrrar tengibrautar frá Vífilsstaðavegi um Leirdalsop sem tengjast átti Arnarnesvegi í Kópavogi. Stjórn GKG mótmælti þessum áformum með bréfi frá 21. nóvember 2016. Þessi vegur hefur verið felldur brott í fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi. Stjórn GKG fagnar því. Jafnframt vill hún áréttta að ef einhver aðili gerir athugasemd við tillöguna og óskar eftir því að þessi vegur verði í aðalskipulaginu, þá leggst stjórn GKG alfarið gegn því.
2. Stjórn GKG leggur til að vegur meðfram Vífilsstaðavatni norðanverðu og í átt að Kjóavöllum verði felldur brott úr tillögunni. Hverfi vegurinn verður auðveldara en ella að skapa heildstætt útivistarsvæði á þessum slóðum. Einnig gefst kostur á að stækka svæði 4.13 Íp sem er „eyrnamerkt“ GKG í átt að Vífilsstaðavatni.
3. Skerðing á núverandi athafnasvæði GKG með því að taka af félaginu svæði 4.07 S og hluta af eða jafnvel allt svæði 4.09 Íp og bæta því upp skerðinguna með svæði 4.13 Íp gengur ekki upp að mati stjórnar GKG. Fulltrúar félagsins fjölluðu ítarlega um þetta á fundi með dómnefnd í samkeppni um rammaskipulag fyrir Vífilsstaðaland 15. júní 2017 og sýndu m.a. fjölmargar útfærslur golfvallaarkitekts sem stjórnin hefur látið vinna. Þessu sjónarmiði mun verða fylgt eftir síðsumars með greinargerð til dómnefndarinnar.

Að mati stjórnar GKG hafa íþróttamiðstöðin, langtímaleiga á landi og glæsilegir golfvöllir sem félagið hefur byggt markvisst upp á löngu tímabili ásamt tilheyrandi æfingaaðstöðu, skapað félaginu trausta umgjörð. Að þessu leyti má segja að GKG sé komið í óskastöðu sem engin ástæða sé til að hrófla við. Sé það hins vegar eindregin ósk Garðabæjar að fá hluta af athafnasvæði GKG til annarra nota, þá er félagið reiðubúið að ganga til samstarfs um það. Samstarfið hlýtur þó að vera háð þeirri grundvallarforsendu að breyting feli ekki í sér að verr verði búið að GKG en nú er eða framtíðarmöguleikar skerðist. Það er niðurstaða stjórnar GKG að ef skerða á athafnasvæði GKG í vestanverðri Vetrarmýri, þá dugi svæði 4.13 Íp í tillögunni engan veginn til að bæta félaginu upp skerðinguna.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar GKG,



Finnur Sveinbjörnsson, formaður



Agrar M. Jónsson, framkvæmdastjóri